

Nd.

398. Frumvarp til laga

[113. mál]

um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um fennslu- og námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra til framhaldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykjavíkurborg.

Laun skólastjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður skiptist að jöfnu milli aðila.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning, þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, með því fyrirkomulagi og þeirri kostnaðarskiptingu, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Nú gerir fræðsluráð tillögu um, að stofnað verði til starfsemi fjölbrautaskóla með sameiningu tveggja eða fleiri skóla í umdæmi þess, og er þá menntamálaráðuneytinu það heimilt, hafi samningar tekizt um það með eignaraðilum skólanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við þau.